því að þau geta aldrei vitað, hvar varðskipið er; en þegar er það er farið frá landinu, fyrir miðju septembermánaðar, gengur ósvífni þeirra og fyrirlitning á lögunum úr öllu hófi, ekki aðeins hjer á Faxaflóa, heldur og annarsstaðar við strendur landsins, því að þau vita, að hinir innlendu lögreglustjórar geta alls engan hemil á þeim haft, einkum þar sem þau eigi svífast þess að beita ofbeldi til þess að komast hjá því að verða tekin föst, og víkja ekki fyrir öðru en vopnum. Auk þess treysta þau því, að sjeu þau aðeins komin úr landhelgi, þurfi þau ekki að óttast hegning fyrir ofbeldisverk sín. 42

Auðvitað er eptir staðháttum ómögulegt að varna algerlega yfirgangi hinna útlendu botnvörpuskipa, en það mundi vera mikið unnið, ef gufubátur, þótt lítill væri, hefði stöðvar á Faxaflóa frá því í byrjun marzmánaðar þangað til í nóvember, og varðskipið, sem nú er, væri hjer þar að auki frá byrjun aprílmánaðar þangað til í september á verði meðfram ströndum landsins. Svo framarlega sem ráðaneytið eigi sjer sjer fært að verða þegar á næsta ári við óskum alþingis um sjerstakan fallbyssubát, er hafi stöðvar á Faxaflóa, þá tel eg það allsendis nauðsynlegt, að eitthvað verði gjört til að skerpa eptirlitið með útlendum botnvörpuveiðaskipum, t. d. á þann hátt, að varðskipið dvelji hjer við land til loka októbermánaðar, því fremur sem ósvífni hinna ensku botnvörpuskipa virðist hafa farið í vöxt, síðan enska stjórnin hefir farið að senda hingað herskip þeim til verndar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* **um þingsályktun um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík.** — Með brjefi, dagsettu 28. oktbr. 1899, hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, er alþingi hefir samkþykt sama ár, um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík, þar sem skorað er á stjórnina 43 24. maí

1. Að leita álits kirkju- og kennslumálaráðaneytisins og Kaupmannahafnarháskóla um það, hvort breyting á fyrirkomulagi hins lærða skóla í Reykjavík, í líka átt og farið var fram á í frumvarpi, samþykktu á alþingi 1897, þyrfti að verða því til fyrirstöðu, að íslenzkir stúdentar fengju aðgang að háskólanum, eða hvort eigi mundi að minnsta kosti nægja, að því er guðfræðisnemendur snerir, að þeim væri gefinn kostur á aukakennslu í grísku við lærða skólann í Reykjavík.

2. Ef háskólinn og kennslumálaráðaneytið kemst að þeirri niðurstöðu, að slíkt fyrirkomulag mundi eigi útiloka íslenzka stúdenta frá námi við háskólann, að stjórnin þá leggi fyrir næsta alþingi frumvarp, er byggt sje á sama grundvelli og frumvarp alþingis 1897.

Út af þessu skrifaði ráðaneytið kirkju- og kennslumálaráðaneytinu viðvíkjandi hinu fyrra atriði þingsályktunarinnar. Kirkju- og kennslumálaráðaneytið hefir síðan sent hingað meðfylgjandi yfirlýsingar frá öllum 5 deildum háskólans, og hefir bæði háskólaráðið og kirkju- og kennslumálaráðaneytið vísað til þessara yfirlýsinga, er þjer eruð umbeðinn að gjöra alþingi kunnar. Að alþingi loknu óskast þær endursendar hingað.

Í sambandi hjer við skal þess getið, að ráðaneytið fyrir Ísland eigi finnur ástæðu til að gjöra það að umtalsefni, hvort nokkurt annað löggjafarvald en hið almenna danska löggjafarvald geti kveðið á um skilyrðin fyrir því að stúdentar frá Reykjavíkurskóla hafi aðgang að háskólanum og sjerstaklega um skil-

43 24. maí yrðin fyrir því, að þeir taki þar embættispróf, með því að ráðaneytið, hvað sem öðru líður, verður að telja það mjög óheppilegt, að í þessu efni gildi aðrar reglur, sem af atriði eru, um íslenzka stúdenta, en þær er gilda fyrir stúdentana í konungsríkinu. Meðan málið um tilsvarandi breytingar að því er konungsríkið snertir eigi er komið lengra en nú er, getur ráðaneytið eigi fundið ástæðu til að leggja fyrir alþingi frumvarp um breyting á þeirri skipun, sem nú gildir um lærða skólann, í þá átt, sem alþingisfrumvarpið frá 1897 fer, svo verulegar breytingar, sem frumvarp þetta fer fram á.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í Bdeild Stjórnartíðindanna ásamt nefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Á síðasta alþingi var borið upp í efri deild af þingmanna hálfu frumvarp til laga um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík og í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, sem í öllu verulegu var samhljóða frumvarpi því um sama efni, sem alþingi 1897 samþykkti, en samkvæmt brjefi hins háa ráðaneytis 27. septbr. 1897 eigi var álitið til þess fallið, að verða að lögum. Samkvæmt tillögum nefndar þeirrar, er umgetin deild kaus til þess að íhuga mál þetta, og í voru báðir efórar lærða skólans, náði nefnt lagafrumvarp eigi fram að ganga. — Aptur á móti samþykktu báðar deildir þingsins eptir löglegan undirbúning þingsályktun, þar sem skorað er á stjórnina, sumpart að leita álits kirkju- og kennslumála-ráðaneytisins og Kaupmannahafnarháskóla um það, hvort breyting á fyrirkomulagi hins lærða skóla í Reykjavík, í líka átt og farið var fram á í frumvarpi samþykktu á alþingi 1897, þyrfti að verða því til fyrirstöðu, að íslenzkir stúdentar fengju aðgang að háskólanum, og sumpart, ef slíkt fyrirkomulag eigi álitizt hafa slíka afleiðing í för með sjer, að stjórnin þá leggi fyrir næsta alþingi frumvarp, er byggt sje á sama grundvelli og frumvarp alþingis 1897.

Jafnframt því að senda nefnda alþingisályktun, bæði í þeim búningi, er hún kom í frá þinginu, og í danskri þýðingu, og danska þýðing á umgetnu nefndaráliti, leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fela mál þetta aðgjörðum hins háa ráðaneytis.

44 2. maí **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu* **um flutning þingstaðar Borgarfjarðarhrepps.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi dagsettu 25. marz þ. á., meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Borgarfjarðarhreppi í Norðurmúlasýslu, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Desjarmýri að Bakkagerði, gegn því að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

45 2. maí **Brjef landshöfðinga** *til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu* **um flutning þingstaðar Þóroddstaðahrepps.** Samkvæmt tillög-